

## **Kafli 5.1 – Karl Marx: fyrri hluti**

### **Spurningar úr efni bls. 113-117.**

1. Á hvaða hátt er Marx ólíkur þeim Comte og Spencer?
2. Hvað á hann sameiginlegt með þeim?
3. Hver eru helstu rit Marx (einnig þau sem hann ritaði með Engels)?
4. Hvað felur efnisleg söguskoðun í sér?
5. Hverju vildi Marx breyta? Hvers vegna?
6. Hvernig skipti Marx mannkynssögunni upp í nokkur stig í samræmi við efnahagsgerð samfélagsins?
7. Hvað er arðrán og hvernig á það sér stað að mati Marx?
8. Lýstu því sem Marx kallaði undirstöðu samfélagsins.
9. Lýstu því sem Marx kallaði yfirbyggingu samfélagsins (ríkjandi hugmyndafræði).
10. (Hópverkefni) Hvernig ber að túlka orð Marx þegar hann segir að „hugmyndir ríkjandi stéttar eru ríkjandi hugmyndir á sérhverju söguskeiði“? Hvernig getur ein stétt verið svo valdamikil að hún verði ríkjandi og stjórn hugmyndum fólks um lífið og tilveruna? Marx leggur gífurlega mikla áherslu á vinnuna. Hvers vegna? Hvernig tengjast vinna og hugmyndir fólks að mati Marx?